

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 12. ágúst 1980, sbr. auglýsingu nr. 419 12. ágúst 1980 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 402 16. maí 1980.

Samgönguráðuneytið, 15. ágúst 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUR

um smíði og búnað íslenskra skipa

HLUTI II

Reglur um vinnuöryggi á flutningaskipum og farþegaskipum.

EFNISYFIRLIT :

1. gr. Almenn ákvæði.
2. gr. Vinna á og undir þilfari.
3. gr. Vinna í vélarrúmi og tönkum.
4. gr. Vinna við raflagnir og raftæki.
5. gr. Undanþágur, refsingar o. fl.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Öryggi á opnu þilfari, almennt.

- 1.0.1. Rusli og úrgangsefnum, sérstaklega eldfimum og rotnandi efnum, skal komið fyrir á viðeigandi hátt eins fljótt og mögulegt er. Æskilegt er að þetta sé sett í lokaða geyma eða sterka sekki og sem lengst frá vistarverum áhafnar.
- 1.0.2. Öll áhöld og búnaður skal tekinn saman og fjarlægður af gangvegum, þegar hann er ekki í notkun.
- 1.0.3. Lekaolíu og feiti skal fjarlægja sem fyrst og þilfar eða gólf hreinsað vel á eftir.
- 1.0.4. Aðvörunarmerki skulu vera á þeim stöðum, þar sem sérstök hættu getur verið, t. d. eldhætta, háspenna, lágir loftbitar eða álíka.
- 1.0.5. Öryggisáhöld til notkunar fyrir skipsmenn við vinnu, t. d. öryggishjálmar, öryggisbelti, hlífðargleraugu og eyrnahlífar skulu jafnan vera fyrir hendi.
- 1.0.6. Skipverjum skal leiðbeint um notkun öryggisáhalda og handverkfæra.

Gangar, stigar, landgangar og handrið.

- 1.1.1. Gangar utan vistarvera skulu vera hæfilega breiðir fyrir þá notkun, sem þeim er ætluð. Þeir skulu búnir handriðum, þar sem þess er talin þörf. Gólf í göngum skulu vera þannig, að hreingerning þeirra sé auðveld og að síður gæti hálfu í bleytu.
- 1.1.2. Stigar og stigaprep skulu gerð úr óbrennanlegu efni og þrepin þannig, að ekki verði hált í bleytu, t. d. upphleypu stáli eða áli.

- 1.1.3. Um borð skal að jafnaði vera landgangur eða annar viðurkenndur útbúnaður, til þess að komast frá borði og um borð. Öryggisnet skal setja undir landgang. Bjarghring með líflínu skal staðsetja við landgang.
- 1.1.4. Ákveðinn geymslustaður skal, eftir því sem fært er, vera ætlaður til geymslu landgangs, þegar hann er ekki í notkun.
- 1.1.5. Stígar og landgangur verða að hafa örugga festingu, svo umferð sé örugg. Sama gildir um lausa stiga t. d. við notkun í lestum.
- 1.1.6. Liggja skip samsíða, skal nota borðstokkströppur eða hentugan búnað með handriði, til þess að tryggja örugga umferð milli skipanna.
- 1.1.7. Þar, sem efri endi landgangs eða stiga endar á borðstokk, verður að hafa tröppur með handriði frá borðstokk eða þilfari.
- 1.1.8. Staðsetning landgangs eða stiga sé ætíð utan hættusvæðis frá lyftubúnaði skips eða krana, sé þess nokkur kostur.
- 1.1.9. Göngum, stigum og landgangi skal haldið vel hreinum og í góðu lagi, svo að öll umferð sé sem öruggust.
- 1.1.10. Kaðalstigi hafnsögumanns verður að hafa minnst tvö þrep vel út fyrir kaðlana, svo að stigin snúist ekki í notkun.
- 1.1.11. Aldrei skal skilja hurð eftir opna, nema að krækja henni.

Utanborðsvinna, þegar skip liggur við legufæri eða í höfn.

- 1.2.1. Þegar ankerum er varpað eða dregin inn, ber að gæta þess að enginn sé í hættu vegna hreyfingar á keðju eða vindu.
- 1.2.2. Þegar vinna fer fram utanborðs, hvort sem um er að ræða á palli eða frá báti, ber skipverja að vera með öryggisbelti.
- 1.2.3. Vinna er aðeins leyfð utanborðs, þegar skip er við legufæri eða í höfn.

Vinna við losunarbúnað.

- 1.3.1. Skipverjum skal leiðbeint um meðferð og styrkleika stálvíra, kaðla, króka og um annan lyftibúnað skipsins.
- 1.3.2. Allir vírar, kaðlar, stroffur og krókar skulu hafa öruggan styrkleika fyrir þann þunga og álag, sem þeim er ætlað að þola.
- 1.3.3. Í hverju skipi felur skipstjóri ákveðnum yfirmanni að hafa það verkefni sérstaklega að sjá um að framkvæmt sé viðhald og litið reglulega eftir ástandi á vindum, krönum, vírum, köðlum, stroffum og krókum með tilliti til öryggis. Hann skal skrá á sérstakan lista þetta eftirlit og niðurstöður þess.

2. gr.

Vinna á og undir þilfari.

- 2.0.1. Öll áhöld, sem notuð eru við vinnu, skulu fullnægja íslenskum reglum varðandi öryggi og útbúnað.
- 2.0.2. Allur lyftibúnaður, skal háður íslenskum reglum um öryggi og frágang og greinilega skal sýnt hvaða álag hann er gerður fyrir.
- 2.0.3. Stjórnrofar fyrir hvern lyftibúnað skulu þannig gerðir og staðsettir, að auðveldlega og örugglega megi stöðva.
- 2.0.4. Koma skal fyrir líflínu, þegar þörf krefur vegna öryggis.
- 2.0.5. Lýsing skal vera nægileg í göngum og á þeim stöðum, þar, sem áhöfn þarf að vinna eða fara um.
- 2.0.6. Öruggur aðgangur skal tryggður í hverja lest eða hvert rými undir þilfari. Æskilegt er að hægt sé að komast í lestarrými á tveimur stöðum.
- 2.0.7. Á meðan losun og lestun fer fram skal ekki unnið að viðhaldi á þeim stöðum, þar sem um hættu getur verið að ræða.
- 2.0.8. Þegar unnið er í bátmannsstól, skal notað öryggisbelti.

3. gr.**Vinna í vélarrúmi og tönkum.**

- 3.0.1. Ekki má fjarlægja varnarhlíf eða grindverk við vél eða tæki, fyrr en viðkomandi vél eða tæki hefur verið stöðvað.
- 3.0.2. Ekki má taka vél né tæki í notkun fyrr en viðeigandi varnarhlíf hefur verið sett á sinn stað.
- 3.0.3. Koma skal fyrir öryggisbúnaði, sem tryggi, að vél eða tæki verði ekki ræst af vanga.
- 3.0.4. Allir varahlutir skulu vera á þar til ætluðum stöðum og þungir hlutir tryggilega festir.
- 3.0.5. Vélargólfi, stigabrepum og handriðum sé haldið vel hreinum.
- 3.0.6. Þegar unnið er við lok eða loka, sem eru undir þrýstingi, skal þess gætt að fella þrýstinginn áður en verk er hafið. Aldrei má fjarlægja festibolta fyrr en lokið er laust.
- 3.0.7. Gæta skal vandlega að því, að útblástursloft komist ekki inn í vélarrúm eða tanka.
- 3.0.8. Vélamenn og aðrir þeir, sem vinna við vél eða í tanka, skulu nota viðeigandi öryggistæki, sem tryggi þeim vörn gegn heilsutjóni.
- 3.0.9. Ekki má hefja vinnu í tönkum, fyrr en öruggt er að sá sem verkið skal vinna, sé ekki í hættu vegna skorts á súrefni né áhrifum frá öðrum hættulegum efnum.
- 3.0.10. Jafnan skulu minnst tveir menn starfa saman, þegar framkvæma þarf verk við tankhreinsun. Æskilegt er að notuð sé líflína séu aðstæður erfiðar.

4. gr.**Vinna við raflagnir og raftæki.**

- 4.0.1. Öllum rafbúnaði skal vel við haldið. Aðeins hæfum mönnum er leyfilegt að fást við lagningu og viðhald rafkerfisins.
- 4.0.2. Færanleg rafmagnstæki skulu jarðtengd og allar lagnir að þeim skulu vera öruggar gagnvart útleiðslu.
- 4.0.3. Reikna skal með að straumur sé á raflögn, þar til fullvissa er fengin fyrir því að svo sé ekki.

5. gr.**Undanþágur, refsingar o. fl.**

- 5.0.1. Siglingamálastofnunin getur leyft frávik frá ákvæðum þessara reglna, þegar ástæður um borð í einstökum skipum réttlæta það, frávikin eru óveruleg, og brjóta ekki í bága við lög og reglugerðir um vinnuöryggi, eða alþjóðasamþykktir, sem Ísland er aðili að.
- 5.0.2. Brot á reglum þessum varða refsingu samkvæmt X. kafla laga nr. 52 12. maí 1970 um eftirlit með skipum.
- 5.0.3. Eintak af reglum þessum skal vera í hverju skipi og aðgengilegt fyrir alla um borð.
- 5.0.4. Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum og staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 18. júlí 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.